



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í sjómannadagsmessu
Grindvíkinga**

**Vídalínskirkju
2. júní 2024**

Ágætu messugestir.

Ég óska ykkur og landsmönnum öllum til hamingju með daginn. Enn skipar sjómannadagurinn verðugan sess í hugum okkar Íslendinga. Enn er það svo víða um land að fólk kemur saman við sjávarsíðuna á þessum degi. Þá er líf og fjör niðri á höfn, leikir og skemmtun, bjart yfir bæ. Þetta get ég vel vitnað um sjálfur og minnst þá ekki síst upplifunar af þessu tagi á Sjóaranum síkáta, sjómannadagshátíðinni ljúfu í Grindavík. Nú verður sá viðburður í Reykjavík og nú erum við í sjómannadagsmessu Grindvíkinga hér í Garðabæ, ekki í hinni fallegu sóknarkirkju suður með sjó.

Öll vitum við ástæðuna; skelfilegar jarðhræringar og eldsumbrot sem ekki sér fyrir endann á. Öll vitum við líka að sjómannadagurinn er ekki aðeins dagur gleði heldur einnig dagur virðingar og íhugunar, jafnvel dagur saknaðar og sorgar. Fyrr í dag var ég í Fossvogskirkjugarði og sótti þar minningarathöfn um druknaða sjómenn; í fyrradag sigldi ég með safnskipinu Óðni sem sinnti björgunar- og gæslustörfum um langa hríð. Haldið var út fyrir Garðskaga og þar var þeirra minnst sem fórust í fimm sjóslusum á þeim slóðum á seinni hluta síðustu aldar. Já, blessuð sé minning allra þeirra sem hlotið hafa vota gröf við Íslandsstrendur.

Sem betur fer hefur mannsköðum á hafi úti snarfækkað á þessari öld. Víst mun árið 2008 aldrei þykja með öllu farsælt í Íslandssögunni. Þá gerðist það þó í fyrsta sinn að enginn lést til sjós hér við land ef marka má ritaðar heimildir langt aftur í aldir. Sú hefur einnig verið raunin mörg undanfarin ár og fyrir það megum við svo sannarlega vera þakklát. Við getum þakkað forsjóninni en einnig

auknu öryggi til sjós og má þá kannski spyrja: Er ekki lengur þörf á að fara með sjóferðabæn þegar haldið er úr höfn?

Hættur hafsins þarf enn að varast og virða. Í Grindavík fyrr á tíð tóku menn sjóhatta sína ofan og lásu sjóferðabæn. Og svo var lagt á sundið. Í elstu bæn þeirrar gerðar, sem varðveist hefur á Íslandi, er heitið á Maríu mey. Bænin hefst svo:

Guð faðir og hans sonur og hinn
heilagi andi,
sjái og signi lýði og lýði,
unga menn og gamla,
farm og fjalir,
stefnu og stýri,
þóftur og þiljur,
árar og austurstrog
og allan vorn reiða.

Ágætu áheyrendur. Við eigum að sjálfsögðu einnig dæmi um það að beðið sé til æðri máttarvalda þegar jarðeldar ógna lífi og limum. Frægust er eldmessa Jóns Steingrímssonar í Skaftáreldum sumarið 1783. Hraun æddi að kirkjunni á Kirkjubæjarklaustri. Sóknarbörn hljóta að hafa verið felmtri slegin en klerkur ákallaði Drottin eins og hann lýsti síðar í ævisögu sinni:

Var þá guð heitt og í alvöru ákallaður enda hagaði hans ráð því svo til að eldurinn komst ei þverfótar lengra en hann var fyrir embættið heldur hrúgaðist hvað ofan á annað í einum bunka. Þar með komu ofan á hann öll byggðarvötn eður ár sem kæfðu hann í mestu ákefð. Einum guði sé æra!

Þannig mælti eldklerkurinn. Um leið áttaði hann sig á því hvernig staðhættir réðu miklu um það að hraunelfurin stöðvaðist áður en hún náði til kirkjunnar. Nú um stundir reiðum við okkur á varnargarða umhverfis Grindavík, megum þakka því einvalaliði sem reisti þá og er reiðubúið að bæta þá eða byggja nýja allt eins og þörfin krefur. Við megum líka þakka björgunarsveitarfólki og öllum öðrum sem sinnt hafa almannavörnum á vettvangi. Loks megum við þakka öllum þeim sem rétt hafa Grindvíkingum hjálparhönd á ýmsa vegu.

Heiður þeim sem heiður ber. Nú þegar líður að lokum minnar forsetatíðar þakka ég ykkur Grindvíkingum fyrir alla þá gestrisni og góðvild sem við Eliza höfum notið í ykkar fallega heimabæ í áranna rás. Ég þakka líka vinum mínum hér í Garðabæ fyrir að gera Grindvíkingum kleift að hafa sína sjómannaðagsmessu hér í Vídalínskirkju.

Loks óska ég landsmönnum öllum til hamingju með nýjan forseta. Í gær nýttum við þann dýrmæta rétt að velja okkur þjóðhöfðingja í frjálsum kosningum. Fyrir hönd okkar hjóna færi ég Höllu Tómasdóttur heillaóskir og að sjálfsgöðu manni hennar líka, Grindvíkingnum Birni Skúlasyni, og börnum þeirra. Megi þeim farnast vel á Bessastöðum, landi og þjóð til heilla.

Kæru vinir: Þrátt fyrir allt sem bjátar á – þrátt fyrir allar þær ógnir sem kunna að mæta okkur á sjó og landi – getum við Íslendingar glaðst yfir því að búa í fallegu landi, í öflugum samfélagi. Við getum leyft okkur að horfa björtum augum fram á veg.